



Áfram Árneshreppur!

Ársskýrsla 2023

Innihald

Inngangur	2
Meginniðurstöður	3
Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum	4
Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn	5
Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags – stöðumat	6
Yfirlit yfir styrkt verkefni á verkefnistímanum	9
2018	9
2019	10
2020	11
2021	12
2022	13
2023	14
Fundir	15
Hugleiðingar verkefnisstjóra	15

Inngangur

Árneshreppur var tekinn inn í verkefnið Brothættar byggðir árið 2018. Haldið var tveggja daga íbúaping 12. og 13. júní 2017 og var þar samþykkt að sveitarfélagið yrði þátttakandi í verkefninu Brothættar byggðir frá og með áramótum 2017/18. Á íbúapinginu voru sett markmið og gerð áætlun um fyrstu skref. Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn hafa unnið eftir þeirri markmiðasetningu í höfuðdráttum en einnig hefur verið brugðist við aðstæðum sem upp hafa komið jafnóðum.

Íbúum hefur fækkað jafnt og þétt í Árneshreppi. Íbúafjöldinn varð mestur á stríðsárunum, þá bjuggu á sjötta hundrað í hreppnum, en 41 var með lögheimili í hreppnum 1. desember 2021. Nokkur endurnýjun hefur orðið í hreppnum og hefur íbúum fjölgað nokkuð frá því verkefnið Áfram Árneshreppur hófst. Við upphaf verkefnisins voru íbúar 40 talsins, en voru 47 um síðustu áramót. Það er 17,5% fjölgun, sem teldist víða allgott.

Samþykkt var að framlengja verkefnistímann í tvígang þannig að verkefnið Áfram Árneshreppur hafði í allt sex ára líftíma og lauk í árslok 2023.

Meginniðurstöður

Á íbúafundi um stöðu verkefnisins 2020 var samþykkt veruleg áherslubreyting. Í henni fólst að verkefnisstjórn skyldi einbeita sér að því að styrkja innviði í sveitarfélaginu, samgöngumálum, orkumálum og fjarskiptamálum. Einnig þyrfti að vinna að styrkingu sjávarútvegs og auðvelda nýliðun í landbúnaði. Eftir þessari samþykkt hefur verkefnisstjórn unnið síðan. Innviðauppbýgging í sveitarfélaginu skyldi hafa algjöran forgang.

Á árinu 2023 var haldið áfram framkvæmdum við ljósleiðaralagningu með stuðningi Fjarskiptasjóðs og lagningu þriggja fasa rafstrengs í jörðu af hálfu Orkubús Vestfjarða. Framkvæmdir hófust ansi seint og því varð framkvæmdatíminn á árinu stuttur, en fyrir áramót náðist að leggja ljósleiðara frá Melum fyrir Urðirnar í Norðurfjörð og að Munaðarnesi við Ingólfsfjörð. Vonir standa til þess að haldið verði áfram með vorinu og klárað að þrífasa og tengja ljósleiðara að Krossneslaug og alla leið út að Felli og vonandi líka að Eyri við Ingólfsfjörð.

Farið var á fulla ferð með endurbætur á Norðurfjarðarhöfn, en það verkefni er unnið með styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Þar hefur verið gerður mikill útsýnispallur, öll aðstaða fyrir ferðamenn stórbætt og öryggi þeirra aukið. Framkvæmdum við það lýkur vonandi áður en ferðamannatímabilið hefst fyrir alvöru um miðjan júní 2024.

Tilraunaverkefni með snjómokstur verður haldið áfram og verður mokað tvisvar í viku yfir Veiðileysuháls og Kjörvogshlíð þegar aðstæður leyfa. Vonir standa til þess að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera en það hefur þó ekki fengist staðfest.



Aðkallandi er að leggja nýjan veg yfir Veiðileysuháls

Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum

Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Sérstaða verkefnisins er m.a. fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stöðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða.

Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.

Undirmerkmíð Brothættra byggða eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlög.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Í hverju byggðarlagi er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn skilgreini svohljóðandi loforð til íbúa: „Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu.

Svo sem sjá má á undirmerkmíðunum er lykilatriði að fá fram skoðanir íbúana sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra hagaðila.



Frá íbúafundi 2023

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis Brothættra byggða sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu Áfram Árneshreppur er staðan vistuð hjá Vestfjarðarstofu. Verkefnisstjórn verkefnisins Áfram Árneshreppur skipuðu árið 2023

- Arinbjörn Bernharðsson, fulltrúi íbúa, formaður.
- Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssamband Vestfirðinga
- Helga Harðardóttir, Byggðastofnun
- Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps
- Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun
- Kristmundur Kristmundsson, fulltrúi íbúa
- Davíð Már Bjarnason, fulltrúi íbúa
- Magnea Garðarsdóttir, Vestfjarðastofu

Verkefnisstjórn hefur stutt vel við störf verkefnisstjóra og hefur samstarfið verið með miklum ágætum. Þar munar mest um opna, hreinskiptna umræðu og gott aðgengi verkefnisstjóra að verkefnisstjórn.



Verkefnisstjórnin heimsótti Pétur í Ófeigsfirði sumarið 2023

Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags – stöðumat

Nokkuð hefur verið sveigt frá mörgum þáttum í upphaflegri markmiðasetningu í samræmi við ákvörðun íbúafundar 2020. Það skýrir minni framgang en ella væri í mörgum þeirra mála sem voru á upphaflegu markmiðaaætluninni.

Meginmarkmið 1 - Traustur landbúnaður og sjávarútvegur						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Nýliðun í landbúnaði						Tveir bændur hafa hafið sauðfjárbúskap í stað tveggja sem hættu búskap.
Styrking sauðfjárræktar						Í greinargerð til landbúnaðarráðherra er lögð áhersla á nýliðun.
Veiðiheilmildir út frá sérstöðu sveitarfélagsins						Byggðakvóti fyrir árið 2023 jókst um 100%.
Auka framlegð strandveiða til samfélagsins						Vandséð er hvernig hægt er að auka framlegð þeirra strandveiðisjómana sem róa frá Norðurfjarðarhöfn.
Frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eflt						Nokkur nýsköpunarverkefni eru í gangi, m.a. húsasmíði, jóga, fjölbreytt afþreying og íþróttaaðstaða. Kjötvinnsla er í startholunum.
Meginmarkmið 2 - Einstakt menningarlandslag og náttúra						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Bæta innviði fyrir ferðaþjónustuna						Stofnuð hafa verið Ferðamálasamtök Árneshrepps. Þau fóru í markaðssetningarátak sem heppnaðist vel.
Merking handverks og iðnaðar						Kjötvinnsluverkefni sem er í startholunum hyggst láta hanna logo.
Þróun minjagripa						Verkefnið hlaut ekki hljómgrunn og hefur lítið verið fylgt eftir.
Efling ferðaþjónustu						Stofnuð voru Ferðamálasamtök Árneshrepps sem hafa staðið fyrir markaðssetningarátaki og fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa hlotið styrki til nýsköpunar og fjölgunar afþreyingarmöguleika.
Endurgera fuglaskoðunar- og útsýnisstað						Þetta verkefni hefur ekki náð flugi.
Gera fornar minjar sýnilegri						Efnt var til samstarfs við Minjastofnun um verkefni í Kúvíkum. Skýrsla um það verkefni hefur verið birt á vef sveitarfélagsins.
Merkingar og aðstaða við höfnina í Norðurfirði						Styrkur fékkst frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 2021. Hönnunarvinna fór fram 2021—2022. Framkvæmdir sumarið 2023 og lýkur væntanlega 2024.

Hitaveita í Norðurfirði						Borholan hefur verið dæluþrófuð og hönnun á hitaveitu liggur fyrir. Ekki náðust samningar við landeigendur og er verkefnið því strandað.
Umhverfi gámasvæðis verði bætt						Umhverfi gámasvæðis lagast væntanlega nokkuð, m.a. við endurbætur á Norðurfjarðarhöfn.
Meginmarkmið 3 - Öflugir innviðir						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Hærri fastur afsláttur af fargjöldum						Skoska leiðin er komin á, en í greinargerð til innviðaráðherra er lagt til að enn lengra verði gengið.
Bæta samskipti við Vegagerðina						Árlegir fundir hafa verið haldnir með Vegagerðinni. Samskipti við stofnunina hafa batnað til muna.
Vegagerð yfir Veiðileysuháls						Framkvæmdirnar eru tilbúnar í útboð, en samkvæmt tillögu að nýrri samgönguáætlun verður verkinu frestað um 5 ár.
Bæta vetrarþjónustu á vegum						Tilraunaverkefni um vetrarmokstur verður haldið áfram. Vonir standa til þess að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera.
Hefja umræðu um jarðgöng úr Reykjarfirði						Eftir því sem hillir undir að heilsársvegur verði lagður yfir Veiðileysuháls er brýnna að skipuleggja og undirbúa framkvæmdir á kaflanum frá Djúpavík til Norðurfjarðar. Þetta var tekið fyrir á fundi með Vegagerðinni 2021 og aftur í október 2023, þá með umræðu um vegagerð yfir Naustvíkurskörð.
Samstarf við Orkustofnun um smávirkjanir						Efnt hefur verið til samtals við Orkustofnun. Framkvæmdir eru hafnar við smávirkjun í Ófeigsfirði og líkur eru á annarri í Reykjarfirði.
Skólastarfi í Finnbogastaðaskóla						Lítill starfsemi hefur verið í skólabyggingunni en hún leigð út til að svara brýnni húsnæðisþörf.
Betri og jafnari þjónusta læknis						Óskum var komið á framfæri við Heilbrigðisstofnun Vesturlands, en það þarf að fylgja þessu máli eftir.
Fjarþjónusta á sviði heilsugæslu						Rætt við Heilbrigðisstofnun Vesturlands.
Lagning ljósleiðara						Ljósleiðari lagður með styrk úr Fjarskiptasjóði í Norðurfjörð og að Munaðarnesi. Verður vonandi lagður að Felli og yfir á Eyri vorið 2024.
Verslun í Norðurfirði						Verzlunarfjelag Árneshrepps stofnað 2019. Verslun rekin í Norðurfirði og gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki.

Meginmarkmið 4 - Samheldið samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Plastpokalaus Árneshreppur						Fyrirtæki í Árneshreppi eru hætt að nota plastpoka.
Hreinsun fjara						Átak í hreinsun fjara við Finnbogastaði 2019. Einkaaðilar hafa líka tekið þetta verkefni upp með aðstoð sjálfboðaliðasamtaka. Eilífðarverkefni.
Fræðslu- eða tómstundanámskeið						Erfitt að koma í kring vegna fólksfæðar. Væri hægt að skoða rafrænt.
Húsnæðisþörf verði metin						Verið að hanna vef til að bóka það húsnæði sem er í boði fyrir stafræna flakkara eða störf án staðsetningar.
Kanna möguleika á aðkomu gesta/ferðafólks að göngum						Lítill áhugi hjá bændum, talið að óvanir þurfi það mikla verkstjórn að ekki svari kostnaði.



Hér þyrfti að koma heilsársvegur yfir skörðin.

Yfirlit yfir styrkt verkefni á verkefnistímanum

2018

Til úthlutunar voru 7 milljónir króna. Alls bárust 9 umsóknir. 8 þeirra hlutu styrkvilyrði úr Frumkvæðissjóði.

Ólafur Valsson	Skútulægi	1.000.000
Bjarnheiður Júlía Fossdal	Kjöttvinnsla	1.100.000
Ólafur Valsson	Verslun í Norðurfirði	1.100.000
Elín Agla Briem	Þjóðmenningarskóli	800.000
Hótel Djúpvík	Í nýju ljósi	700.000
Hótel Djúpvík	Afþreyingartengd ferðaþjónusta	700.000
Vigdís Grímsdóttir	Skóli	700.000
Sif Konráðsdóttir	Norður Strandir Super Jeep tours	500.000

Verkefnin Skútulægi og Kjöttvinnsla komust ekki til framkvæmda og var endurúthlutað sem því nam. Öðrum verkefnum er lokið og styrkir að fullu greiddir.



Reykjarfjörður

2019

Til úthlutunar voru 8 milljónir króna. Alls bárust 12 umsóknir. 11 þeirra hlutu styrkvilyrði úr Frumkvæðissjóði.

Hótel Djúpavík	The Factory	250.000
Hótel Djúpavík	Sleðaferðir	700.000
Hótel Djúpavík	Hjólað í Djúpavík	500.000
Verzlunarfjelag Árneshrepps	Standsetning verzlunarhúsnæðis	750.000
Urðartindur	Frisbíggolf	1.200.000
Ungmennafél. Leifur heppni	Krossneslaug	700.000
Strandferðir	Aðstaða fyrir ferðamenn	1.480.000
Sigurrós Elddís Huldudóttir	Hlaðvarp	120.000
Elín Agla Briem	Þjóðmenningarskólinn	700.000
Elín Agla Briem	Sveitaskólinn	300.000
Ferðamálasamtök Árneshrepps	Markaðssetning Árneshrepps	1.300.000

Verkefnin Frisbíggolf og Hlaðvarp komust ekki til framkvæmda og var endurúthlutað sem því nam. Öðrum verkefnum er lokið og styrkveitingar að fullu greiddar.




Sveitaskólinn

2020

Til úthlutunar voru 14,89 milljónir króna. Alls bárust 17 umsóknir. 13 þeirra hlutu styrkvilyrði úr Frumkvæðis- og Öndvegissjóði.

Hótel Djúpavík	Baskasetur	2.500.000
Hótel Djúpavík	Escape Room	1.000.000
Hótel Djúpavík	The Factory	500.000
Hótel Djúpavík	Uppfærsla á sögusýningu	500.000
Hótel Djúpavík	Sleðaferðir á Ströndum	600.000
Verzlunarfjelað Árneshrepps	Kaffiaðstaða	380.000
Urðartindur	Snyrtiaðstaða á tjaldstæði	900.000
Umf. Leifur heppni	Krossneslaug	3.880.000
Kristjana María Svarfdal Ásbjörnsdóttir	Jógasetur á Renniverkstæðinu	1.500.000
Djúpavíkurhús ehf	Djúpavíkurhús	800.000
Stapi ehf	Jarðfræðilega áhugaverðir staðir	800.000
Elsa Rut Jóhannudóttir	Ullarvinnsla	130.000
Ferðamálasamtök Árneshrepps	Markaðs- og kynningarstarf	1.400.000

Verkefnið Escape Room komst ekki til framkvæmda og var endurúthlutað sem því nam. Öðrum verkefnum er lokið og styrkveitingar að fullu greiddar.



Djúpavíkurhús

2021

Til úthlutunar voru 8 milljónir króna. Alls bárust 22 umsóknir. 16 þeirra hlutu styrkvilyrði úr Frumkvæðissjóði.

Hótel Djúpvík	The Factory	250.000
Linda og Hilmar	Víkursveit	250.000
Umf. Leifur heppni	Krossneslaug	300.000
Margrét Ólöf Eggertsdóttir	Hreinlætisaðstaða í Ófeigsfirði	330.000
Jón Unnar Gunnsteinsson	Gamla sláturhúsið	750.000
Egill Steinar Kristjánsson	Tækjakaup	1.000.000
Hótel Djúpvík	Kajakleiga	470.000
Kristjana María Svarfdal Ásbjörnsdóttir	Jógasetur á Renniverkstæðinu	400.000
Hótel Djúpvík	Baskasetur	800.000
Verzlunarfjlag Árneshrepps	Tækjakaup og kaffihorn	300.000
Urðartindur	Rafmagnskassar á tjaldstæði	400.000
Háireki ehf	Smávirgjun í Ófeigsfirði	800.000
Stapi ehf	Fræðasetur í Finnbogastaðaskóla	500.000
Umf. Leifur heppni	Söguskilti við Krossneslaug	300.000
Íslenski alpaklúbburinn	Klettlífur í Norðurfirði	400.000
Thomas Elguezabal	Virtual Reality	750.000

Verkefnið Fræðasetur í Finnbogastaðaskóla komst ekki til framkvæmda og var endurúthlutað sem því nam. Verkefnið Smávirgjun í Ófeigsfirði frestast til sumarsins 2024 en öðrum verkefnum er lokið og styrkveitingar að fullu greiddar.



Klettlífur í Norðurfirði

2022

Til úthlutunar voru 7 milljónir króna. Alls bárust 15 umsóknir. 14 þeirra hlutu styrkvilyrði úr Frumkvæðissjóði.

Basketur Íslands	Baskavígin	1.000.000
Salti síkátí	Reyking á þorski og ýsu	400.000
Hótel Djúparvík	The Factory	250.000
Ferðamálasamtök Árneshrepps	Markaðssetning Árneshrepps	600.000
Oddný Ágústa Hávarðardóttir	Nytjaplöntur í Árneshreppi	200.000
Verzlunarfjlag Árneshrepps	Handverkshorn í Verzlunarfjlaginu	300.000
Urðartindur ehf	Deiliskipulag fyrir heilsárshús	600.000
Háireki ehf	Smávirðjun í Húsá í Ófeigsfirði	700.000
Guðmundur Pétursson	Báturinn Mjóni	300.000
Hilmar Vilberg Gylfason	Það er heim	150.000
Urðartindur ehf	Rafvæðing tjaldstæða	200.000
Arnar Arinbjarnarson	Fjarvinna í Árneshreppi	400.000
Sveindís Guðfinnsdóttir	Strandaband	1.650.000
Tyler Wacker	Heitur pottur á enda hjólaleiðar	250.000

Verkefni Reyking á þorski og ýsu, Nytjaplöntur í Árneshreppi, Það er heim og Strandaband komust ekki til framkvæmda og var endurúthlutað sem því nam. Smávirðjun í Húsá og Deiliskipulag fyrir heilsárshús koma til framkvæmda sumarið 2024 en öðrum verkefnum er lokið og styrkveitingar að fullu greiddar.



Báturinn Mjóni í Ófeigsfirði

2023

Til úthlutunar voru 10,6 milljónir króna. Alls bárust 10 umsóknir. 7 þeirra hlutu styrkvilyrði úr Frumkvæðissjóði.

Bergistangi ehf	Bergistangi	1.000.000
Baskasetur Íslands	Baskasetur	1.000.000
Tyler Wacker	Witch of the Westfjords Guided tour	200.000
Lynnee Jacks	Backcountry Ski	200.000
Óstofnað félag	Kjötvinnsla	7.200.000
Davíð og Sigrún	Litla-Ávík	1.000.000
Verzlunarfjelag Árneshrepps	Fánastöng	200.000

Bergistangi

Verkefnið hlaut 1.000.000 kr. styrk til kaupa á þakfni til innréttingar á íbúð fyrir ferðamenn í Norðurfirði. Verkefninu er lokið og styrkurinn að fullu greiddur.

Baskasetur

Verkefnið hlaut 1.000.000 kr. styrk til endurbóta á húsnæði sem ætlað er undir sýningu um dvöl Baska hér á landi fyrr á öldum. Verkefninu er lokið og styrkurinn að fullu greiddur.

Tyler Wacker – The Witch of the Westfjords

Verkefnið hlaut 200.000 kr. styrk til að koma hjólréiðaferðamennsku af stað. Verkefninu er lokið, heppnaðist mjög vel og styrkurinn er að fullu greiddur.

Lynnee Jacks – Backcountry Ski

Verkefnið hlaut 200.000 kr. styrk til að gera heimildamynd um skíðaviðburð í Árneshreppi.

Óstofnað félag – Kjötvinnsla

Verkefnið hlaut 7.200.000 kr. styrk til að koma af stað kjötvinnslu í Árneshreppi. Þegar þetta er ritað hefur verkefnið enn ekki hafist fyrir alvöru og óljóst hvort og þá hvernig að því verður staðið.

Litla-Ávík

Ábúendur í Litlu-Ávík hlutu 1.000.000 kr. styrk til að koma sér upp tækjakosti. Með verkefninu er leitast við að greiða götu þeirra sem vilja flytjast í sveitarfélagið.

Verzlunarfjelag Árneshrepps – Fánastöng

Verkefnið fékk 200.000 kr. styrk til að fána og fánastangir til að lífga upp á umhverfi Verzlunarfjelsins í Norðurfirði. Verkefninu er lokið og styrkurinn að fullu greiddur.

Fundir

Verkefnisstjórn hélt átta fundi á árinu, 11. janúar, 24. janúar, 24. febrúar, 28. júní, 9. ágúst, 14. ágúst, 23. nóvember og 13. desember. Auk þess fundaði undirbúningshópur vegna styrkveitinga Áfram Árneshrepps 22. febrúar, en úthlutun fór fram rafrænt 24. febrúar. Verkefnisstjóri átti auk þess fundi með Framtíðarnefnd Árneshrepps 14. ágúst og 12. desember. Hann átti og fund með fulltrúum Byggðastofnunar á Hólmavík 13. nóvember og fund með Vegagerðinni í Árneshreppi 11. október. Verkefnisstjóri tók að auki þátt í ráðstefnu Baskavínafélags Íslands í Baskasetrinu í Djúpvík 23. ágúst, tók þátt í rýnivinnu KPMG og sótti 10 ára afmælisráðstefnu Brothættra byggða á Raufarhöfn 5. október.

Tveir íbúafundir voru haldnir, 24. janúar á fjarfundi og í félagsheimilinu í Trékyllisvík 16. ágúst. 33 manns mættu á fjarfundinn en 24 á fundinn í félagsheimilinu.

Auk þessara funda hafa verið haldnir mánaðarlegir fjarfundir með öðrum verkefnisstjórum Brothættra byggða um land allt.

Hugleiðingar verkefnisstjóra

Það er áriðandi að verkefnið Brothættrar byggðir fái breiðari stuðning í stjórnkerfinu en nú er. Byggðamál eru í eðli sínu þverpólitísk og eiga í raun heima í öllum ráðuneytum. Það er jákvætt að starfandi sé stýrihópur sem er skipaður fólki víðsvegar að úr stjórnkerfinu, en betur má ef duga skal. Þannig þyrftu brothættrar byggðir helst að eiga talsmann inni í hverju ráðuneyti eða á einhvern hátt eiga auðveldari aðgang að stjórnsýslunni.

Árneshreppur er svo sannarlega brothætt byggð, enda hefur verkefnið verið tvíframlengt. Verkefnistíminn varð í heildina sex ár, jafnvel rúmlega það séu undirbúningsfundir og frágangur talin með. Ég tel reyndar að ástandið á Árneshreppi sé þannig að hann þyrfti að vera í Brothættum byggðum til um allnokkurt skeið enn, jafnvel varanlega.

Við lok verkefnisins lít ég til baka með þakklæti. Það eru forréttindi að hafa fengið að koma svo oft á þetta svæði sem ég tel eitthvert það fegursta og magnaðasta á landinu, en fyrst og síðast er ég þakklátur fyrir að hafa fengið að kynnast því góða fólki í Árneshreppi sem nánast allt hefur tekið mér og verkefninu opnum örmum. Þar er dugandi og áhugavert fólki með bein í nefinu sem er vant því að bjarga sér án þess að vera með barlóm eða væl og tekst á við hlutina eins og þeir eru. Ég óska íbúum Árneshrepps alls hins besta og vona að byggð dafni þar um ókomin ár. Ég vil í sömu andrá þakka samstarfsfólki mínu í verkefnisstjórninni afskaplega markvissa og farsæla samvinnu.

Hólmavík, 19. janúar 2023

Skúli Gautason, verkefnisstjóri